

Uppboð á eignum Gróu Tómasdóttir 1820¹

Uppteiknun og action forretting á fjármunum þeim sem hreppsómaginn, Gróa sáluga sem var á Giljá, hefur eftir sig látið. Auction auglýst með hreppaskilaseðli. Auctions skilmálar birtir á auctions staðnum, nefnilega á Torfalæk, sem voru þessir: Þeir sem kaupa nokkuð af þeim fjármunum sem Gróa sáluga, sem var á Giljá, hefur eftir sig látið borgi með peningum eða vörum þeim sem vel eru antakandi í þurfamannatíund eftir núverandi kaupstaðarpris og betalist ei seinna en innan mánað[ar]tíma. Auctionsvottar voru af mér tilnefndir á staðnum: Mr. Guðmundur bóndi á Reykjum og mr. Sveinn bóndi á Hnjúkum.

	Rd.	Mk.	Sk.	
1. Manuali			7	Rannveig á Skinnastöðum
2. Pallkistill		1	12	Séra Magnús í Steinnesi
3. Skjóða með rusli			4	Rannveig á Skinnastöðum
4. Treflastokkur með rennil[oki]		1		Magnús í Brekku
5. Klútur bláteinóttur		4		Ólafur á Beinakeldu
6. Ditto gráteinóttur		2	8	Guðmundur á Reykjum
7. Rautt hálssilki		2		Ólafur á Beinakeldu
8. Hvítur trefill og prjónapeysa			10	Séra Magnús í Steinnesi
9. Rautt kersupils með dökkvum skurði		1	3	Sveinn á Hnjúkum
10. Rauð klæðis svunta með dökkvu rokkverki		5		Sami
11. Græn rask svunta lögð dökkvum snúrum	1			Páll í Hamrakoti
12. Þrír silfurhnappar í svuntu, vega 3 lóð	2			Ólafur á Beinakeldu
13. Grænt klæðispils	1	3		Sveinn á Hnjúkum
14. Kvenhempa af vaðmáli með flossaumum	1			Páll í Hamrakoti
15. Kventreyja betri með kraga		2	4	Séra Magnús í Steinnesi
16. Önnur lakari		1		Sveinn á Hnjúkum
17. Kvenkragi			2	Benedikt á Giljá
18. Blá kvenpeysa		3	8	Ólafur á Kringlu
19. Styttuband			8	Benedikt á Giljá
20. Stokkur með strigabót			4	Benedikt á Giljá
21. Skæri			4	Rannveig á Skinnastöðum
22. Þófi		3		Benedikt á Giljá
23. Stampur			6	Séra Magnús í Steinnesi
24. Tréskál			4	Guðrún á Kringlu
25. Þeldúks skyrta betri		2		Jón á Hnjúkum

¹ Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu B/2. Bréf 1820.

	Rd.	Mk.	Sk.	
26. Sængurgarmur	1			Sveinn á Hnjúkum
27. Rekkjuvoðir lélegar		4		Páll í Hamrakoti
28. Sessa		2		Kristján á Hurðarbaki
29. Pokagarmur			6	Guðrún á Kringlu
30. Upphlutur			4	Rannveig á Skinnastöðum
31. Kvenpeysa			8	Guðrún á Kringlu
32. Pils			2	Hannes í Sauðanesi
33. Annað (pils)			6	Rannveig á Skinnastöðum
34. Þriðja (pils)			4	Guðrún á Kringlu
35. Skyrta		1		Sama
36. Koddi			12	Þorsteinn á Hæli
37. Kvensokkar			4	Ólafur á Kringlu
38. Gæruskinn og ýmislegir garmar			12	Sigurður á Akri
39. Húfugarmur			4	Páll í Hamrakoti
40. Rokkur		3		Benedikt á Giljá
41. Fötugarmur lítill			4	Guðrún á Kringlu
42. Fjalir í lofti á Giljá	1	3		Benedikt á Giljá

Af þessum hér að framan töldu fjármunum, sem hreppsómaginn Gróa sáluga, sem var á Giljá, hefur eftir sig látið, tilleggst studios Benedikt í útfararkostnað: 9 rd., 32 sk.

Í uppskriftarkaup og auctions hald: 1 rd., 33 sk.

Samanlagt 10 rd., 65 sk.

Allt svo á hreppurinn til góða: 10 rd., 50 sk.

Sauðanesi þann 13. október 1820

Hannes Þorvaldsson